

## Skólaráðsfundur þann 25. jan. kl. 15.00 -16.00.

*Fundarmenn: Helga Veronika varaformaður foreldrafélagsins, Hreindís stuðningsfulltrúi, Kristinn skólastjóri, Magnús G. framkvæmdastjóri Hauka, Marsibil aðstoðarskólastjóri, Sara fulltrúi nemenda, Sigurborg kennari, Sveindís formaður foreldrafélagsins og Úlfhildur kennari. Jóhannes Páll fulltrúi nemanda boðaði forföll.*

Skólastjóri bauð alla velkomna til fjórða fundar skólaráðsins. Hann tjáði okkur varðandi fjárhagsáætlunina að hún væri svipuð og í fyrra. Ákveðið var samt að bæta fjármagni við bókasafnið vegna átaks í lestri.

Kristinn á eftir að hitta fræðslustjóra vegna kennslutímaúthlutunar næsta skólaárs. Það kom fram varðandi forföll í unglingadeild að erfitt hafi reynst að dekkja þau. Bæði er það vegna fjárskorts og einnig vegna þess að erfitt getur reynst að manna þau með þeim kennurum sem hafa kunnáttu í viðkomandi greinum. Sveindís ítrekaði það að það þyrfti að gera ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlun þar sem skólaskylda er í landinu og þessi mál þyrftu að komast í betra horf. Skólastjóri tók undir það.

Hvernig eru launamál í skólanum versus annan kostnað? Skólastjóri mun senda fundarmönnum fjárhagsáætlun skólans til þess að hægt sé að átta sig betur í þessum efnum. Kennslustundaúthlutun átti að minnka um 3% en það eru ekki komnar upplýsingar um það. Athuga þarf vel stærðir bekkja og nýtingu á starfsfólki. Einnig væri hægt að bæta við valið hjá 10. bekkjum. Tölvurnar í tölvustofunni hjá okkur eru að verða úr sér gengnar en þær eru 28 þar. Úlfhildur tjáði okkur að hún kenndi Office, Word, Umbrot o.fl. Rætt var um stuttmyndagerð sem krefst öflugra græja. Gott væri samt að geta boðið upp á það val fyrir þau sem eru e.t.v. ekki mikið fyrir bóklegt nám. Úlla hefur einnig kennt kvikmyndun.

Verið er að taka í gegn vinnuherbergi kennara. Þar hafa borð verið fjarlægð sem tóku allt of mikið rými og verða hringborð sett í staðinn. Óskað var eftir því að foreldrafélagið gæfi annað hringborð fyrir nemendur, en þau gáfu eitt sem smíðað var hjá VHE. Helga Veronika tók að sér að skoða það mál.

Spurt var hvað við höfum hátt stöðuhlutfall fyrir skólaliða og er það 5,1stöðugildi. Huga þarf vel að gæslu fyrir nemendur þar sem lóðin er víðfeðm. Það þarf að gæta vel að þessum efnum þar sem erfitt er að fá e-a í forföll fyrir skólaliða. Skólinn hefur um 980 kennslustundir á viku til ráðstöfunar. Rætt var um einkunnagjöf og nú á t.d. að gefa eina einkunn fyrir listgreinar (sviðslistir, sjónlistir – myndmennt og tónmennt) og aðra fyrir verkgreinar (heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmennt) í 10. bekkjum. Skólastjóri lagði fyrir ráðið að færa prófdag hjá unglingadeild frá 30. maí að 26. maí. Var það samþykkt. Kristinn vill að skóladagatal 2016-2017 verði tilbúið sem fyrst.

Magnús sagði að kvartað hefði verið undan nemendum okkar í Haukahúsinu. Var eitt atvik útskýrt betur en koma verður þessum málum í betra horf hjá okkur.

Fundi slitið.

Samantekt: Marsibil.